

**Ed.**

**275. Nefndarálit**

[127. mál]

um frv. til laga um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hlutinn, sex nefndarmenn, vill samþykkja frv. óbreytt. Ég legg hins vegar til, að í stað þess að afnema gildandi lagaákvæði um ríkiseinkasölu á útvarpsviðtækjum verði látin fara fram á þeim gagnger endurskoðun í þeim tilgangi, að komið verði á ný fótum undir Viðtækjaverzlun ríkisins, henni falið að annast allan innflutning útvarps- og sjónvarpsviðtækja og skipuleggja sölu þeirra með þeim hætti, sem hagkvæm-astur kynni að þykja. Jafnframt yrði að endurskoða ákvæði um skiptingu hagn- aðar af viðtækjaverzluninni, er þó rynni allur til stuðnings menningarstarfsemi í landinu. Ég legg því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

**RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:**

Þar sem deildin telur rétt, að Viðtækjaverzlun ríkisins verði eflað og henni gert kleift að annast innflutning og sölu útvarps- og sjónvarpsviðtækja, og í trausti þess, að ríkisstjórnin skipi fimm manna nefnd, fjóra eftir tilnefningu þingflokk-anna og einn án tilnefningar, til að endurskoða fyrir næsta þing gildandi löggjöf með fyrrgreint markmið fyrir augum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 25. febr. 1967.

Gils Guðmundsson.